

## Munurinn á kynlífi og klámi

Til umhugsunar:

- Rannsóknir sýna að meðalaldur barna þegar þau sjá klám í fyrsta sinn er á milli 11 og 12 ára
- Mörg börn sjá klám óumbeðið, með sprettigluggum í tölvum eða í tölvum eða síma annarra
- Börn hafa afar auðveldan aðgang að grófu klámi
- Klám og erótík er bæði kynferðislega örvandi efni en munurinn felst í valdaójafnvægi, miklum fókusi á ber kynfærin og kynferðislegri niðurlægingu sem á sér stað í klámi en ekki í erótík
- Stór hluti klámmynda á stærstu efnisveitunum ganga gjarnan út á kynferðisleg völd karla og niðurlægingu kvenna. Einnig er algengt að talað sé um konur sem druslur eða hórur og sífjaspell og annað ofbeldi má gjarnan sjá í titlum klámmynda s.s. eins og „Stepfather punishes naughty stepdaughter“ eða „My sister is a tight young whore“

Mörgum þykir erfitt að ræða við ungt fólk um klám. Það getur verið erfitt að vita hvar og hvernig er best að byrja umræðuna. Gott er að lesa punktana „Að tala við börn um [klám](#)“ sem finna má á heimasíðu Viku6 eða „[Klámspjall](#)“ sem finna má á heimasíðu Stígamóta.

### VERKEFNI

Hér er unnið út frá kennara og nemendum í kennslustofu en vel má gera verkefnið t.d. með hópi unglinga í félagsmiðstöð. Kennari skrifar upp á töflu fyrirsögnina **Munurinn á kynlífi og klámi**. Þar undir skrifar viðkomandi orðin **umhverfi, samskipti, getnaðar- og kynsjúkdómavarnir, útlit, kynferðisleg ánægja, forleikur og nánd** (og annað sem kennara dettur í hug)

Hægt er að útfæra kennsluna á ýmsan hátt t.d. getur kennari:

- Skipt nemendum í kynjablandaða hópa og hver hópur ræðir um eitt af ofangreindum atriðum. Einhver úr hópnum skrifar niðurstöður hópsins niður og annar unglingur kynnir svo niðurstöðurnar fyrir bekknum í lok tímans.
- Tekið eitt atriði fyrir í einu og spurt yfir hópinn: Hver er munurinn á því umhverfi sem klám fer fram í og því umhverfi sem raunverulegt kynlíf fer fram í? Kennari skrifar allt sem nemendur segja undir orðið. Þegar búið er að spyrja um öll atriðin eru samræður þar sem sameiginlegar niðurstöður eru dregnar saman.
- Dreift gulum minnismiðum til nemenda og hver og einn skrifar það sem honum dettur í hug þegar spurt er um orðin á töflunni. Nemendur setja svo miðana sína (nafnlaust) undir orðin og þegar allir hafa skrifað eitthvað við öll orðin, les kennarinn yfir miðana upphátt. Nemendur og kennari ræða svo saman um það sem stendur á miðunum, hvort allir séu sammála, ef ekki hvers vegna ekki o.s.fv.
- Opnað slido.com og spurt þar um muninn á ofangreindum þáttum og nemendur svara í gegnum símana sína, nafnlaust.

Ef nemendur eiga erfitt með að finna muninn þá getur kennari hjálpað þeim af stað með því að taka dæmi. Hér eru nokkur dæmi:

- **Umhverfi:** Kynlíf getur gerst í allskonar umhverfi en þau sem ætla að stunda það saman ákveða í sameiningu hvar það fer fram. Oftast eru aðeins tveir einstaklingar að njóta kynlífsins saman og yfirleitt eru ekki áhorfendur. Kynlíf á sér oftast stað við raunverulegar aðstæður þar sem umhverfið er náttúrulegt t.d. í alvöru svefnherbergi, í náttúrunni eða annarsstaðar þar sem einstaklingarnir kjósa. Í klámi er umhverfið búið til, oft er það í stúdíói eða á vinnustofu sem er útbúin eins og svefnherbergi eða stofa eða annað slíkt. Einstaklingarnir sem eru að stunda kynlíf eru ekki einir á staðnum. Það er leikstjóri sem stjórnar öllu sem fram fer, ljósamenn, hljóðmenn, myndatökufólk, stílistar, jafnvel förðunarfræðingar og fólk sem sér um að undirbúa leikarana. Það eru því margir sem bæði stjórna og fylgjast með öllu sem gerist á milli fólksins.
- **Samskipti:** Þegar kemur að því að stunda kynlíf skipta samskipti öllu máli. Einstaklingarnir sem eiga í hlut koma sér saman um hvað þeir vilja gera, hvar, hvernig og með hvaða hætti. Afar mikilvægt er að báðir aðilar séu samþykkir því sem fram fer og ef annar aðilinn vill prófa eitthvað nýtt eða ganga lengra á einhvern hátt þá spyr hann hinn aðilann hvort það sé í lagi. Virðing skiptir miklu máli. Í kynlífi geta komið upp klaufalegar aðstæður s.s að peysan festist þegar verið er að klæða sig úr eða annar aðilinn rekur höfuðið í vegginn og þá er í lagi að stoppa, hlæja eða ræða málin. Í klámi er gjarnan mjög lítið samtál á milli einstaklinga, þar byggist kynlífið nánast eingöngu á munnmökum og samförum og markmiðið er að karlinn fái fullnægingu. Einstaklingarnir virðast vita nákvæmlega hvað hinum þykir gott án þess að spyrja og þurfa yfirleitt að hafa mjög lítið fyrir því að ná hápunktinum. Klaufalegar aðstæður koma ekki upp í klámi (enda er því leikstýrt) og karlinn þarf ekki að spyrja konuna hvort hann megi prófa eitthvað nýtt eða verða grófari, hann stjórnar bara og hún fylgir. Samskiptin í klámi eru gjarnan byggð upp á þann hátt að karlinn hefur öll völd og konan er valdalaus. Kona er mjög gjarnan kynferðislega niðurlægð í klámi.
- **Getnaðar- og kynsjúkdómavarnir:** Til að koma í veg fyrir ótímabæra þungun og til að forðast kynsjúkdómasmit þarf að hafa umræðu um tilheyrandi varnir. Smokkurinn er eina vörnin sem ver fólki gegn kynsjúkdómum. Í klámi ræðir fólk ekki um getnaðar- eða kynsjúkdómavarnir, stundum eru notaðir smokkar en oft eru engar varnir sjáanlegar. Talsmenn klámmynda segja að smokkar séu ekki sexý. Þó er vitað að miklar líkur eru á kynsjúkdómasmiti þegar fólk stundar kynlíf með þeim sem það ekki þekkir.
- **Útlit:** Í raunveruleikanum er mikill fjölbreytileiki í útliti fólks bæði hvað varðar líkamsgerð eða útlit kynfæra. Typpi eru allskonar og píkur eru allskonar og fólk er af öllum stærðum og gerðum. Útlitið á ekki að hafa nein áhrif á getu fólks til að stunda og njóta kynlífs. Klámmyndaleikarar eru gjarnan með kynfæri sem eru af óvanalegri stærð og lögun. Typpi í klámmyndum eru yfirleitt mjög stór og breið (vel yfir meðallagi) og konurnar eru gjarnan bæði með mjög stór brjóst og klámmyndapíkan er afar einsleit. Innri barmar sjást yfirleitt ekki, ytri barmar eru vel lagaðir og þrútnir og píkan er nánast undantekningarlaust alveg hárlaus. Stór hluti klámmyndaleikkvenna hefur gengist undir lýtaaðgerðir til að ná fram þessu útliti.
- **Kynferðisleg ánægja:** Það er misjafnt á milli einstaklinga hvað örvar þá og hvað veitir þeim mesta kynferðislega ánægju. Flestar konur þurfa örvun á snípinn til að ná fullnægingu og stundum getur það tekið langan tíma fyrir konur að ná hápunktinum. Í kynlífi getur verið gott að prófa sig áfram og kanna hvað veitir manni sjálfum og hinum aðilanum mesta ánægju. Afar mismunandi er hvort og hversu hátt og mikið fólk stynur í kynlífsathöfnum en í klámi virðist sama handritið alltaf eiga við. Báðir aðilar byrja að stynja um leið og samfarirnar byrja (enda eru þær aðalatriðið í flestum klámmyndum) karlinn stjórnar og konan stynur af áfergju um leið og hann hefur stungið typpinu inn. Karlinn virðist alltaf vita nákvæmlega hvað það er sem veitir konunni mesta ánægju án þess að kanna það, spyrja hana eða prófa sig áfram. Konan er eins og kynlífsvél sem hann rekur typpið sitt í og báðir aðilar fá fullnægingu um leið.
- **Forleikur og nánd:** Forleikur getur verið mikilvægur hluti af kynlífinu og hann skiptir máli til að hjálpa til við að hita líkamann upp áður en að kynmökum kemur. Forleikur getur hafist

löngu áður en upp í rúm er komið. Nánd getur aukið mjög jákvæða og innilega upplifun fólks af kynlífi með öðrum. Hún hjálpar til við að fólk upplifi öryggi og virðingu. Nánd getur falist í fallegum orðum, djúpu augnsambandi, ljúfum snertingum og fleiru sem er til þess fallið að auka vellíðan. Í klámi er nánast aldrei forleikur og nánd er almennt ekki hluti af klámi.

Samkynhneigðar konur hafa gagnrýnt mjög hvernig meginstraumsklám birtir lesbíuklám ítrekað á þann hátt að það sé sett upp fyrir gagnkynhneigða karla til að horfa á. Þannig er kynlíf tveggja kvenna ekki sett fram til að örva samkynhneigðar konur heldur til að koma til móts við draumóra karla og því er framsetningin oft afar óraunveruleg og ýkt.